

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um rammaáætlun.

Frá Orra Páli Jóhannssyni.

1. Hvað líður endurmati þeirra átta virkjunarkosta í biðflokki rammaáætlunar sem í tillögu verkefnisstjórnar þriðja áfanga voru annars vegar í nýtingarflokki og hins vegar verndarflokki? Hefur endurmati þessara virkjunarkosta verið hraðað í meðförum verkefnisstjórnar rammaáætlunar?
2. Er horft til allra framkominna virkjunarkosta í neðri hluta Þjórsár, þ.e. Hvammsvirkjunar, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar, við mat á samfélagslegum áhrifum fyrirhugaðra virkjana á nærsamfélagið?
3. Hvað líður undirbúningi fyrir friðlýsingu svæða gagnvart orkuvinnslu í verndarflokki rammaáætlunar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun? Svar óskast sundurliðað eftir svæðum í verndarflokki rammaáætlunar.

Skriflegt svar óskast.